

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.06.2021

Fundur 4-2021

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 1. júní 2021 kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfi á ZOOM.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020 – seinni umræða
2. Kjörskrá vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu 5. júní 2021
3. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Ársreikningur 2020 - seinni umræða

Ársreikningur fyrir árið 2020 lagður fram til seinni umræðu. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna kórónaveirunnar covid-19 og mikil óvissa er um endanleg efnahagsleg áhrif faraldursins vegna óvissu um hve lengi hann mun vara. Faraldurinn hefur haft töluverð áhrif á starfsemi sveitarfélagsins en brugðist hefur verið við og reynt hefur verið að halda starfseminni og þjónustu við íbúa gangandi eins og mögulegt er.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2020 voru 114 milljónir króna en voru 120,4 milljónir 2019 og hafa lækkað um 5,3% á milli ára. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 12 milljónir króna í samanburði við kr. 24,1 milljón jákvæða afkomu árið 2019.

Hagnaður varð af rekstri A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð kr. 13,6 milljónir samanborið við 133 þúsund kr. tap skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðu sveitarfélagsins var kr. 12,1 milljón hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 151 milljón og eigið fé var um kr. 127 milljónir

Oddviti lagði til að áfram yrði óskað eftir samstarfi við Enor varðandi endurskoðun. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.06.2021

Fundur 4-2021

2. Kosningar um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofn Skagabyggðar vegna kosninga um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar sem fram fara laugardinn 5. júní n.k. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá Þjóðskrár 15. maí 2021. Á kjörskrá eru 70 einstaklingar, 33 karlar og 37 konur. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar. Oddvita falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá. Kjörskrá sveitarfélagsins liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Ytra-Hóli 1 til kjördags. Kjörstjórn fær greidd þreföld fundarseta á kjördegi auk aksturs vegna aukaútkalls.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp af skjá, samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 17:15

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson